

GLG-2017-01 Sveinsstaðir Guesthouse

Umsækjandi er Arctic Trip ehf. Markmið verkefnis er að auka fjölbreytni í gistingöguleikum í Grímsey auk þess að styrkja við þau gistiheimili sem fyrir eru. Markmiðið er að í framtíðinni verði hægt að bjóða öðrum markhóp sem ekki hefur stoppað yfir nótt hingað til vegna t.d. skorts á gistingu við hæfi að koma og njóta alls þess sem eyjan hefur upp á að bjóða. Sveinsstaðir Guesthouse myndi verða þriðji valkosturinn í gistingu þar sem hægt yrði að bóka gistingu, fæði og afþreyingu í einum pakka. Þessi gisting væri ekki í beinni samkeppni við þá gististaði sem fyrir eru, heldur gæti jafnvel aukið nýtingu á þeim á ársgrundvelli. Með þessu gistiheimili gætum við einnig náð til þeirra markhópa sem við höfum ekki hingað til náð til.

Þetta verkefni er í góðu samræmi við þau tækifæri (SVÓT greininguna) sem unnin hefur verið fyrir Grímsey um nýjungar í ferðapjónustu. Auk þess fellur það vel að markmiði 1.3. um nýsköpun í ferðapjónustu, en sérstaklega að markmiði 3.6. um að ferðapjónusta verði eflað og nýtt ferðapjónustufyrirtæki líti dagsins ljós.

Verkefninu var úthlutað 1.900.000 kr.- árið 2017.